



**67. fundur Fjölskylduráðs Múlaþings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 4. apríl 2023  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Þórey Birna Jónsdóttir varamaður, Rannveig Þórhallsdóttir varamaður, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþróttá- og æskulýðsstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Þorbjörg Sandholt, Arna Magnúsdóttir og Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir, áheyrnarfulltrúar grunnskólans sátu liði 1-7 Guðmunda Vala Jónasdóttir, Bryndís Björt Hilmarsdóttir og Ragnhildur Kristjánsdóttir, áheyrnarfulltrúar leikskólans sátu liði 6-8. Í upphafi fundar gerði Sigurður Gunnarsson formaður grein fyrir því að borist hafði erindi frá Þórlaug Alda Gunnarsdóttir þar óskað er eftir að mál nr. 202302012 verði tekið á dagskrá að nýju í fjölskylduráði. Samþykkt samhljóða með handuppréttingu.

**Dagskrá:**

**1. 202302012 - Fræðslusamningur, Samtökin 78**

Fyrir liggur ósk frá Þórlaugu Öldu Gunnarsdóttur um að fresta undirskrift samnings við Samtökin '78 þar til ráðið hafi fengið að kynna sér fræðslufnið sem fer inn í skólana.

Fjölskylduráð hafnar tilburðum til ritskoðunar á námsefni á jafnmikilvægu mannréttindamáli og hinsegin fræðsla er. Að auki hafnar fjölskylduráð öfgafullri orðræðu í garð samfélagshópa og telur þær forsendur sem lagðar voru fram fyrir upptöku erindisins ekki á faglegum rökum reistar.

Engar forsendur eru breyttar frá því að fjölskylduráð fjallaði um og samþykkti samninginn á fundi sínum 14. febrúar sl. Fjölskylduráð telur því ekki ástæðu til að fresta undirritun og felur starfsmanni að ganga frá samningnum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**2. 202303224 - Tillögur að frístundþjónustu í Múlaþingi**

Fyrir liggja drög að kostnaðaráætlun á frístundþjónustu í Múlaþingi.

Fjölskylduráð felur sviðstjórum að koma með tillögu að áætlun um hversu hratt er hægt að innleiða þessar breytingar og áhersla yrði á að bæta lögbundna þjónustu. Að öðru leyti vísað til fjárhagsáætlunargerðar.



Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202303101 - Sjálfsmatsskýrsla Fellaskóla 2021-2022**

Fyrir liggur sjálfsmatsskýrsla Fellaskóla 2021-2022.

Lögð fram til kynningar.

**4. 202303248 - Gistingu í grunnskóla**

Fyrir liggur bréf frá Áskeli Heiðari Ásgeirssyni, barst 16. mars 2023, þar sem óskað er eftir að leiga húsnæði Grunnskólans á Borgarfirði yfir Bræðsluhelgina.

Fjölskylduráð vísar í reglur um afnot fasteigna Múlapings, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem samþykktar voru í Byggðarráði Múlapings í nóvember 2022. Í 7 gr. reglanna stendur að eingöngu er heimilt að nota fasteignir sveitarfélagsins til gistingar, samkvæmt reglum þessum, þegar um er að ræða hópgingu barna og ungmenna í fylgd og á ábyrgð fullorðinna, t.d. vegna æskulýðsstarfs, skóla- og íþróttamóta.

Fjölskylduráð hafnar því erindinu.

Samþykkt með handauppréttingu með sex atkvæðum, einn sat hjá (ES).

**5. 202303029 - Útboð á skólaakstri/almenningsamgöngum 2023**

Fyrir fundinn liggja drög að útboðs- og verklýsing fyrir almenningsamgöngur og skólaakstur í Múlaþingi. Útboðið fer fram á Evrópska efnahagssvæðinu skv. útboðsreglum og verður það sett í útboðsferli um miðjan apríl nk.

Lagt fram til kynningar.

**6. 202105148 - Reglur um skólaakstur**

Fyrir fundinn liggja tillögur að reglum um skólaakstur í Múlaþingi en þær voru áður kynntar í fjölskylduráði 14. 2. 2023.

Fjölskylduráð samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**7. 202302067 - Úttekt á skólamötuneytum Múlapings**

Fyrir liggja tillögur að útbótum í skólamötuneytum Múlapings, eftir úttekt sem fram fór á haustmánuðum 2022.

Fjölskylduráð felur fræðslustjóra að kynna tillögurnar fyrir skólastjórum og sjá til þess að unnið verði eftir þeim.



Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**8. 202302197 - Betri vinnutími í leikskólum Múlapings**

Fyrir liggur drög að innleiðingaráætlun á Betri vinnutíma í leikskólum Múlapings.

Málið áfram í vinnslu.

**9. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra**

Skýrsla fræðslustjóra.

Lögð fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:40**

